

Stjórnarfundur UMSE, haldinn á Búgarði fimmtudaginn 3. október 2013 klukkan 17:00.

Mættir eru: Óskar Þór, Þorsteinn, Kristlaug, Einar, Edda Kamilla mætti klukkan 18:20

Boðuð forföll: Sigurður, Svanbjört, Guðrún.

Fundur númer 727

Dagskrá:

1. Fundur settur
Óskar setti fundinn klukkan 17:05
2. Fundargerð síðasta fundar.
Fundargerð skoðast samþykkti.
3. Innsend bréf.
 - a. Almenna lögbjónustan ehf. Erindi vegna Margrétar Ívarsdóttur.
Erindi kynnt fyrir stjórn.
 - b. UMFÍ. Gögn vegna VBS máls.
Þessi gögn hafa verið sent á stjórnina til kynningar, almennt má segja að vonbrigði séu með niðurstöðu þess.
 - c. UMFÍ. Kjörbréf vegna Sambandsþings.
Kjörbréfið er klárt.
 - d. UMFÍ Síðara þingboð.
4. Styrkumsóknir.
Engar styrkumsóknir hafa borist.
5. Sambandsþing UMFÍ
 - a. Fjórir fulltrúar (3+formaður).
Búið er að fylla fulltrúafjöldann – Þorsteinn, Þorgerður, Kristlaug og Einar ætla að fara.
 - b. Búið að fá tilboð í bílaleigubíl.
 - c. Búið er að bóka gistingu.
 - d. Steini hafði samband við UFA og þau vilja fá að fljóta með. Gætu því orðið 6 í heildina.
 - e. Mikilvægt að undirbúa sig vel
 - f. Mögulega verður rætt um þrastarskóg vegna fjölmiðlaumræðu
(<http://www.visir.is/thrastarlundi-lokad-af-syslumanni/article/2013130909753>)
 - g. Gögn sem liggja fyrir þinginu hafa borist og hafa verið send út til stjórnar.
Rennt yfir þau.
 - h. Kjörbréf.
6. Samningur við Samskip – frestað til næsta fundar.
7. Knattspyrnumót UMSE – til kynningar.
 - a. Um 170 keppendur.
 - b. Mjög vel að því staðið
 - c. Fyrirliggjandi kostnaður vegna mótsins er 82.650.- vegna verðlauna. Áætlaðar tekjur vegna þátttökugjalda sem verða innheimt fljótlega 105.000.-
Óvíst er hver kostnaður vegna leigu á Samherjavellinum verður.

8. Aldursflokkamót UMSE í frjálisíþróttum – til kynningar.

- a. Um 112 keppendur.
- b. Gekk vel. Mótið vel mannað.

Verðlaunapeningar sem að ekki höfðu gengið út seinustu árin voru notaðir til verðlaunaafhendinga, límt var aftan á peningana prentaða límmiða þar sem fram kom keppnisgrein og ártal.

9. Fyrirmyndar héraðssamband.

- a. Bréf og glærur frá Viðari Sigurjónssyni, ÍSí.
- b. Fyrirhugaðir vinnudagar eru 9.-10. okt. á Akureyri. Fulltrúar eru boðaðir frá UMSE, UMSB, HSV, UÍA og UÍF.
- c. Framkvæmdastjóri óskar eftir að vera þáttakandi í vinnunni og öðrum í hópnum aðgengi að þeim áætlunum og hugmyndum sem mótað hafa vinnu við stefnumótun UMSE. Þorsteinn ætlar að senda út þegar það er komin nánari dagsetning.

10. Bréf til Búnaðarsambandsins vegna skrifstofukostnaðar

Búið að gera drög og ræða óformlega við framkvæmdastjórnann.

Inntak þess er að UMSE telji skrifstofukostnað í húsinu of háan miðað við notkunn og þannig sé UMSE í raun að greiða niður kostnað annarra leigjenda.

11. Verðlaunapeningar

Búið að athuga hjá aðilum á Akureyri.

Sérsteyptu verðlaunin hjá Sigtryggi og Pétri eru dýrari, en vandaðri. Ýmislegt annað er þó að boði sem gæti náð kostnaði niður.

Einfaldir verðlaunapeningar eru á svipuðu verði, meiri fjölbreytni hjá Verðlaunagripum Norðurlands, í t.d. límmiðum sem nýttir eru til að merkja. Líklega auknir möguleikar til endurnýtingar þess sem gengur af, samkvæmt stuttri kynningu í gengum síma frá þeim. Þjónustustig hjá báðum aðilum er gott.

Fá á sýnishorn til að hægt sé að leggja fram og að fá verðtilboð fyrir næsta fund áður en ákvörðun verður tekin.

12. Ráðstöfun styrks frá íþróttanefnd Ríkisins.

- a. Glímukynning í Grunnskólum á starfssvæðinu.

Búið er að hafa samband við Glímusambandið. Þeir höfðu forgöngu um að hafa samband við einstakling á svæðinu sem getur tekið þetta að sér.

Markhópur er 5.-10 bekkur sem að er keppnisaldur í glímu.

Búið er að hafa samband við skólastjóra, þeir taka jákvætt í þetta og eru til í að leggja til aðstöðu og tíma ef þetta raskar ekki fyrri áætlunum.

Lagt er til að þetta verði síðustu viku í nóvember, ef umsjónarmaður verkefnisins getur sinnt því þá og allir aðrir tilbúnir að taka við okkur.

Vinna á út frá því að þetta fari í framkvæmd – Þorsteinn ætlar að sjá um þetta.

13. Stefnumótun.

Farið var yfir þau gögn sem að Steini er búinn að vinna í.

Gögn á skydrive eru lögð fram og allir þurfa að lesa þau fyrir næsta fund.

Næstu skref eru að boða til fundar með aðildarfélögum og sveitarfélögum.

Einnig er æskilegt að hefja vinnu við að draga fram það hlutverk og þau GILDI sem UMSE telur sig eiga að standa fyrir og vinna út frá.

Næsta skref er að SVÓT greina ársreikningana.

14. Önnur mál.

- Staðlaða umsóknarbréfið er ekki orðið klárt. Óskar vill að sendar séu tillögur til sín, ef að einhverjar eru, um form á umsóknarbréfið.

- Viðveru tími á skrifstofu er til þrjú á daginn, í staðinn er skrifstofutími fyrr á daginn. Að öllu jöfnu er þá viðvera tvo daga í viku frá 9 til 15.

15. Tilhögun næsta fundar.

Næsti fundur ákveðinn 7. nóvember klukkan 18:00

16. Fundarslit

Fundi slitið klukkan 19:46

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður